

KJARASAMNINGUR

milli

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

og

Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis.

2. gr.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni.

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

KDJ
EJA
HJ
MOS
ED

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 123.600 kr.

Á árinu 2025 127.900 kr.

Á árinu 2026 132.400 kr.

Á árinu 2027 137.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 66.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 76.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 86.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 96.000.

5. gr.

Breytingar á ýmsum ákvæðum kjarasamnings:

Lágmarksorlof fer úr 24 dögum (10,17%) í 25 daga (10,64%)

Eftirfarandi breytingar frá og með 1. maí 2024:

Fyrsta setning gr. 4.1. orðist svo: Lágmarksorlof starfsfólks skal vera 25 virkir dagar, miðað við fullt ársstarf.

Grein 4.2.1. orðist svo: Starfsfólk skal á fyrsta starfsári fá 10,64% orlofsfé af yfirvinnu og álagsgreiðslum. Eftir eins árs starf hjá Orkuveitu Reykjavíkur hækkar orlofsfé þetta í 11,59%. Eftir þriggja ára starf hjá Orkuveitu Reykjavíkur hækkar orlofsfé þetta í 13,04%.

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan 30 daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 15:00 10. júní 2024.

EA
KDJ
PHJ
MÖB
2
JD

Reykjavík 31. maí 2024

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Porgjón H. Jónsson
Minn áðsk. Bragistóttir
Ragnheiður Pásson

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Kristján Dröfn Jóhannsdóttir
Elton K. Alm st.